

Stefnuskrá IFLA og UNESCO fyrir almenningsbókasöfn 2022

Grundvallargildi mannsins eru frelsi, velmegun og framfarir samfélags og einstaklinga. Þessum gildum verður aðeins náð ef borgarar eru vel upplýstir, geta nýtt lýðræðisleg réttindi sín og taka virkan þátt í samfélaginu. Virk þátttaka og þróun lýðræðis er háð fullnægjandi menntun sem og frjálsum og óhindruðum aðgangi að þekkingu, skoðunum, menningu og upplýsingum.

Almenningsbókasöfn eru hlið að þekkingu í hverju samfélagi. Þau skapa grundvöll fyrir ævimenntun, styðja við sjálfstæða ákvarðanatöku og menningarþroska einstaklinga og þjóðfélagshópa. Almenningsbókasafnið styður við heilbrigði þekkingarsamfélaga með því að veita aðgang að og gera hvers konar sköpun, miðlun og þekkingu aðgengilega. Þar á meðal vísindalega og staðbundna þekkingu án viðskiptalegra, tæknilegra eða lagalegra hindrana.

Hjá hverri þjóð, en sérstaklega í þróunarlöndunum, tryggja bókasöfn að réttur einstaklinga til menntunnar og þátttöku í þekkingarsamfélagi og í menningarlífi sé aðgengileg sem flestum íbúum í samfélaginu.

Þessi yfirlýsing staðfestir þá trú UNESCO að almenningsbókasafnið sé lifandi afl í ævilangri menntun, menningu, inngildingu og þekkingu til þess að einstaklingar njóti andlegrar velferðar og sé nauðsynlegur þáttur til sjálfbærrar þróunar samfélaga.

UNESCO hvetur því ríkis- og sveitarstjórnir til að styðja og taka virkan þátt í eflingu almenningsbókasafna.

Skilgreining almenningsbókasafns

Almenningsbókasafnið er miðstöð upplýsinga á hverjum stað og veitir notendum sínum aðgang að alls kyns þekkingu og upplýsingum. Það er mikilvægur þáttur í þekkingarsamfélögum, sem aðlagast stöðugt nýjum samskiptamátum til að uppfylla það hlutverk sitt að veita almennan aðgang að og gera öllu fólki kleift að nota upplýsingar á merkingarbæran hátt.

Það veitir almenningi aðgengilegt rými fyrir þekkingarsköpun, miðlun og deilingu upplýsinga og menningar og eflir borgaralega þátttöku.

Bókasöfn hafa hvetjandi áhrif á menningarstarf og styðja við nýsköpun, þau beita markvissum aðgerðum til að ná til markhópa sinna og ná með virkri hlustun að hanna þjónustu sem uppfyllir staðbundnar þarfir og stuðlar þannig að bættum lífsgæðum í samfélaginu. Almennigur ber traust til bókasafna og á móti er það metnaður almenningsbókasafna að halda samfélagi sínu upplýstu og meðvituðu.

Þjónusta almenningsbókasafna er veitt á grundvelli jafns aðgengis fyrir alla, óháð aldri, kyni, trú, þjóðerni, tungumáli, þjóðfélagsstöðu og hvers kyns öðrum einkennum. Veita þarf sértæka þjónustu og efni fyrir þá notendur sem geta, af einhverjum ástæðum, ekki notfært sér hina reglulegu þjónustu og annað efni, til dæmis málfræðilega minnihlutahópa, fólk með fötlun, lélega stafræna eða miðlakunnáttu, lélegt læsi eða fólk á sjúkrahúsum eða fangelsum.

Allir aldurshópar eiga að geta fundið efni sem hentar þörfum þeirra. Safnkostur bókasafna og þjónusta þeirra þurfa að geta boðið uppá allar gerðir miðla og nútímatækni ekki síður en hefðbundinna gagna. Tryggja þarf gæði og tengsl safnkosts við staðbundnar þarfir og aðstæður. Safnefni verður að endurspegla tungumál og menningarlega fjölbreytni samfélagsins, slíkt er grundvallaratriði. Safnkostur verður að einnig að endurspegla nýja strauma og stefnur í þróun samfélagsins og geyma jafnframt minningar um hugvit og ímyndundarafi mannsins.

Söfn og þjónusta þeirra ættu ekki að sæta neins konar hugmyndafræðilegri, stjórnmálalegri eða trúarlegri ritskoðun, né vera beitt þrýstingi frá viðskiptalegum hagsmunaaðilum.

Hlutverk og markmið

Eftirfarandi lykilverkefni sem varða upplýsingar, læsi, menntun, inngilding, borgaralega þátttöku og menningu, ættu að vera kjarninn í þjónustu almenningsbókasafna. Með þessum lykilverkefnum leggja almenningsbókasöfn sitt af mörkum til sjálfbærrar þróunarmarkmiða og uppbyggingu sanngjarnra, mannúðlegra og sjálfbærra samfélaga.

- að veita aðgang að fjölbreyttu úrvali upplýsinga og hugmynda án ritskoðunar, styðja við formlega og óformlega menntun á öllum stigum sem og símenntun sem gerir fólki kleift að stunda áframhaldandi, sjálfspottna og sjálfstæða þekkingarleit á öllum stigum lífsins;

- að veita tækifæri til að þroska sköpunargleði einstaklinga og örva ímyndunarafl, sköpunargáfu, forvitni og samkennd;
- að skapa og styrkja lestrarvenjur barna frá unga aldri til fullorðinsára;
- að hafa frumkvæði að, styðja við og taka þátt í læsis verkefnum og áætlunum til að byggja upp lestrar- og ritfærni, og auðvelda þróun miðla- og upplýsingalæsis og færni í stafrænu læsi fyrir allt fólk á öllum aldri, með það að markmiði að búa til upplýst og lýðræðislegt samfélag;
- að veita notendum sínum þjónustu bæði á staðnum og rafrænt með stafrænni tækni sem veitir aðgang að upplýsingum, söfnum og forritum þegar mögulegt er;
- að tryggja aðgang almennings að hvers konar samfélagslegum upplýsingum og tækifærum með því að skipuleggja viðburði, og hlúa þannig að viðurkenningu á hlutverki bókasafnsins sem grundvallarstoð í samfélaginu;
- að veita notendum sínum aðgang að vísindalegri þekkingu, svo sem rannsóknarniðurstöðum og heilsufarsupplýsingum sem geta haft áhrif á líf notenda þeirra, auk þess að gera fólki kleift að taka þátt í framförum í vísindum og tækni;
- að veita fyrirtækjum, félögum og áhugahópum á hverjum stað fyrir sig, viðunandi upplýsingaþjónustu;
- að varðveita og veita aðgang að staðbundnum og upprunalegum gögnum, þekkingu og arfleifð (þar á meðal munnlegri hefð), að skapa umhverfi þar sem samfélagið getur tekið virkan þátt í að bera kennsl á efni sem á að fanga, varðveita og miðla, í samræmi við þarfir samfélagsins;
- að stuðla að umræðu um menningarleg tengsl og menningarlega fjölbreytni;
- að stuðla að varðveislu frásagnarhefðar og yfirgripsmiklu aðgengi að menningarlegri tjáningu og arfleifð, virðingu fyrir listum, opnum aðgangi að vísindalegri þekkingu, rannsóknum og nýjungum eins og þær koma fram í hefðbundnum miðlum, svo og stafrænu efni.

Fjármögnun, lagasetning og samstarf

Aðgangur að almenningsbókasafni og þjónustu skal að jafnaði vera ókeypis. Almenningsbókasafn er rekið á ábyrgð sveitarfélags eða ríkis. Það skal stutt með sérstakri og uppfærðri lagasetningu sem er í samræmi við alþjóðlega sáttmála og samninga. Það skal vera fjármagnað af innlendum stjórnvöldum og sveitarfélögum. Það skal vera mikilvægur þáttur í sérhverri langtímastefnu er varðar menningu, upplýsingamiðlun, læsi og menntun.

Á stafrænum tímum þarf löggjöf um höfundarrétt og hugverkarétt að tryggja almenningsbókasöfnum getu til að afla og veita sambærilegan aðgang að stafrænu efni á sanngjörnum skilmálum og raunin er um efnisleg safngögn.

Bókasafnskerfi hvers lands skal skilgreina og efla með lagasetningu og stefnumörkun sem byggir á samþykktum samstarfsreglum til þess að tryggja samhæfingu og samvinnu bókasafna á landsvísu.

Almenningsbókasafnakerfi skal hanna í tengslum við landsbókasöfn, svæðisbókasöfn, rannsókn- og sérfræðibókasöfn svo og bókasöfn í grunnskólum, framhaldsskólum og háskólum.

Rekstur og stjórnun

Móta skal skýra stefnu þar sem markmið, forgangsröðun og þjónusta er skilgreind með þarfir sveitarfélagsins í huga. Mikilvægi staðbundinnar þekkingar og samfélagsþátttöku er dýrmætt fyrir þetta ferli og sveitarfélög ættu að vera með í stefnumótuninni.

Almenningsbókasafnið þarf að vera vandlega skipulagt og starfsemin að standast faglegar kröfur.

Allir íbúar sveitarfélags skulu eiga greiðan aðgang að almenningsbókasafni. Til þess að svo geti orðið þarf vel staðsetta og vel búna aðstöðu fyrir bókasöfn, góða lestrar- og námsaðstöðu, auk viðeigandi tæknibúnaðar og nægilega langan og hentugan opnunartíma sem hentar þörfum notenda. Jafnframt þarf að tryggja þjónustu við þó hópa innan samfélagsins sem ekki geta heimsótt bókasafnið.

Aðlaga þarf þjónustu bókasafnsins að mismunandi þörfum samfélagsins hvort sem er í dreifbýli eða þéttbýli, mæta skal þörfum innfæddra sem og þörfum jaðarhópa, notenda með sérþarfir, fjöltyngdra notenda og nýbúa innan samfélagsins.

Starfsmaður bókasafns er virkur tengiliður á milli notenda og auðlinda safnsins, bæði stafrænna og hefðbundinna. Fagþekkingu bókasafns- og upplýsingafræðinga, nægt starfsfólk og stöðugt fjármagn, þarf til að mæta áskorunum nú og í framtíðinni en þetta þrennt er ómissandi til að tryggja viðunandi þjónustu. Hafa skal samráð við forystu- og fagfólk bókasafna um meginndlega og eigindlega skilgreiningu á nægjanlegu fjármagni.

Veita þarf virka þjónustu og skipulagða notendafræðslu til þess að notendur geti haft fullt gagn af öllu því sem almenningsbókasafnið hefur uppá að bjóða.

Áhrif bókasafna ætti að rannsaka reglulega, reglubundin söfnun gagna stuðlar að því að sýna fram á samfélagslegan ávinning þeirra. Tölfræðilegum gögn ætti að varðveita til lengri tíma litið, þar sem ávinningur bókasafna innan samfélagsins sést oft á næstu kynslóðum.

Samstarf

Að koma á samstarfi er nauðsynlegt fyrir bókasöfn til að ná til breiðari og fjölbreyttari almennings. Tryggja þarf samstarf við viðeigandi samstarfsaðila - til dæmis notendahópa, skóla, frjáls félagasamtök, bókasafnasamtök, fyrirtæki og annað fagfólk á staðbundnum, svæðisbundnum, jafnt á landsvísu og á alþjóðlegum vettvangi.

Innleiðing yfirlýsingarinnar

Yfirvöld í hverju landi og í hverju sveitarfélagi svo og bókasafnsnotendur um allan heim eru hér með hvattir til að innleiða þær meginreglur sem settar eru fram í þessari stefnuskrá.

Upphafleg þýðing á stefnuyfirlýsingunni frá 1994 á dr. Sigrún Klara Hannesdóttir - Viðbætur yfirlýsingar frá 2022 - © Upplýsing 2025